



Til sjávar

3.-4. tbl. 6 árg. september 2002 Fréttabréf Siglingastofnunar

Alþjóðasiglingadagurinn á Íslandi

Öryggisvika sjómanna

1

Öryggisvika sjómanna

3-4

Æfingar um borð í skipum

5-6

Áætlun um æfingar

7-8

Eldvarnir í skipum

9-10

Fallhætta í skipum

11-12

Nýliðafræðsla

13-14

Öryggi við hífingar

15

Slysavarnir í höfnum

Dagana 26. september til 3. október 2002 verður haldin öryggisvika sjómanna í tengslum við árlegan alþjóðasiglingadag Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO.

Á undirbúningi öryggisvikkunnar standa samgönguráðuneyti, Siglingastofnun Íslands, Slysavarnaskóli sjómanna, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátæiganda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands og Reykjavíkurhöfn.

Æfingar og slysavarnir

Í öryggisvikkunni verður megináherslan lögð á æfingar og slysavarnir um borð í skipum.

Öryggisdagur sjómanna verður haldinn laugardaginn 28. september og verður þá ýmislegt um að vera við Reykjavíkurhöfn.

Þriðjudaginn 1. október kl. 13:00 verða haldnar æfingar um borð í öllum íslenskum skipum. Starfsmenn Slysavarnaskóla sjómanna munu leiðbeina um æfingar í öryggisvikkunni.

Búið er að útbúa gátlista fyrir áhafnir skipa um æfingar og er honum dreift með fréttabréfinu, sjá bls. 5 til 6.


Ráðstefna

Vikkunni lýkur svo með ráðstefnu, sem haldin verður fimmtudaginn 3. október, um aukið öryggi sjófarenda.

Til ráðstefnunnar er boðið þeim aðilum sem að öryggismálum sjómanna koma á einn eða annan hátt.

Á dagskránni verða fjölmörg erindi um öryggismál sjómanna.

Siglingastofnun Íslands vill hvetja sjómenn, útgerðarmenn og alla þá sem láta sig varða öryggismál sjófarenda til að taka virkan þátt í dagskrá vikkunnar, en hún verður nánar auglýst á heimasíðu Siglingastofnunar.



Úr bæklingunum Nýliðafræðsla og Æfingar um borð í skipum.

Sjómenn! Munið æfinguna 1. október kl. 13:00!

Blaðið er að þessu sinni helgað öryggismálum sjófarenda. Með blaðinu fylgja fræðslubæklingar um

öryggismál sem gefnir eru út í tengslum við langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001-2003.



Niðurstöður útboða

Dags.	Heiti útboðs	Kostnaðaráætlun	Lægsta tilboð	%	Verktaki m. lægsta tilboð	Fjöldi tilboða
08.08.02	Þórshöfn-Hafskipabryggja, þekja og lagnir	6.965.710	6.008.420	86,2	Vökváþjónusta Kópaskers	1
16.07.02	Seyðisfjörður-ferjulægi: götur, bílastæði, lóð, þekja og lagnir	131.540.000	131.540.000	91,0	Malarvinnslan ehf.	2
16.07.02	Seyðisfjörður-ferjulægi: landgangur og þjónustuhús	127.499.000	137.401.591	107,7	Malarvinnslan ehf.	4
02.07.02	Sauðárkrökur-Nordurgarður, þekja og lagnir	30.109.040	22.026.830	73,2	G. Þorsteinsson ehf.	4
02.07.02	Bakkafjörður-lenging Sjafnarbryggju	3.614.400	3.539.000	97,9	Mælifell ehf.	4
02.07.02	Bakkafjörður-lenging harðviðarbryggju	5.079.460	4.948.500	97,4	Mælifell ehf.	4
28.06.02	Grundarfjörður-lenging Stórubryggju	39.028.400	24.670.951	63,2	Almenna umhverfisþjónustan ehf.	4
20.06.02	Neskaupstaður-dýpkun	83.600.000	55.840.000	66,8	Gáma- og tækjaleiga Austurlands	7
20.06.02	Grimsey-endurbætur á hafnargarði	17.692.000	16.606.000	93,9	Árni Helgason	3
19.06.02	Sigluhfjörður-Óskarsbryggja, þekja og lagnir	20.599.500	19.906.929	96,6	Bás ehf.	2

Lög og reglugerðir

Dags.	Heiti	Nr.	Gildistaka
09.08.02	Reglugerð um þjónustustöðvar gúmmibjörgunarbáta	588/2002	09.08.02
09.08.02	Reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.	587/2002	09.08.02

Öryggismál

Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda 2001-2003



Að þessu sinni er fréttabréfið *Til sjávar* með nokkuð öðru sniði en venjulega.

Blaðið er helgað öryggismálum sjófarenda bæði í tengslum við öryggisviku sjómanna og alþjóðlegan siglingadag IMO og útgáfu fræðslubæklinga um öryggismál.

Að þeirri útgáfu stendur Siglingastofnun Íslands í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda.

Í blaðinu er auk þess fjallað um slysavarnir í höfnum.

Ýmsir fastir liðir hafa því orðið að víkja en ofar á síðunni er að finna niðurstöður útboða og lista yfir ný lög og reglugerðir.

Útgáfa fræðslubæklinga

Inni í blaðinu eru fræðslubæklingarnir fimm um öryggismál sem komnir eru út svo og áætlun um æfingar. Bæði fræðslubæklingana og blaðið með æfingaáætluninni er hægt að klippa út.

Blaðið **Áætlun um æfingar** kemur m.a. að góðum notum við æfingar um borð í íslenskum skipum í tengslum við öryggisviku sjómanna, sjá forsíðu.

Æfingar um borð í íslenskum skipum

Fjallað er um tilgang æfinga um borð í skipum og tíðni þeirra, nauðsynlega undirstöðu æfinga, undirbúning o.fl. Þá er lögð áhersla á að ræða árangur æfinga í lokin.

Eldvarnir

Farið er yfir grundvallaratriði eldvarna, fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð ef eldur kemur upp.

Fallhætta

Orsakir fallslysa eru margvíslegar. Hér er fjallað um slyshætta og öryggisráðstafanir, t.d. nauðsyn þess að vera rétt skóaður og með öryggishjálum.

Nýliðafræðsla

Kröfur um fræðslu nýliða til sjós er að finna í íslenskum lögum og reglugerðum og alþjóðasamþykktum.

Öryggi við hífingar

Kynntar eru staðlaðar bendingar við hífingar og eins og áður er mikilvægi fræðslu og forvarna undirstrikað.



Sjófarendur eru hvattir til að kynna sér efni fræðslubæklinganna nánar en hér á eftir er stiklað á stóru um það.

Til sjávar. Fréttabréf Siglingastofnunar
Útgefandi: Siglingastofnun Íslands
Vesturvör 2, 200 Kópavogur
Sími: 560 0000 Bréfasími: 560 0060
Heimasíða: www.sigling.is

Netfang: sigling@sigling.is
Ritstjóri: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir (aro@sigling.is)
Ábyrgðarmaður: Hermann Guðjónsson
Umbrot: Siglingastofnun Íslands
Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

Teikningar: Jóhann Jónsson.
Fjölmiðlum er frjálst að nota efni blaðsins ef heimildir er getið. Ósk um áskrift er hægt að koma á framfæri við ritstjóra.

Það sem gert er á brunæfingu (Eldur um borð)

- Hringt neyðarhringingu vegna eldsvoða
- Skipverjar gefa sig fram á söfnunarstöð í samræmi við fyrirskipanir neyðaráætlunar. Þar fer fram nafnakall
- Skipverjar skipta sér í hópa í samræmi við það sem tekið er fram í neyðaráætlun skips
- Skýrsla er gefin til stöðva um stöðu mála
- Undirbúa skal skylduverkefni skipverja samkvæmt neyðaráætlun
- Gangsetja skal brunadælu og tengja brunaslöngur við brunahana. Nota skal a.m.k. tvær vatnsbunur til að sýna að kerfið sé í góðu lagi
- Fara skal yfir slökkvibúninga og annan persónulegan björgunarbúnað
- Skipverjar noti reykköfunartæki, hlífðarfatnað, tengilínur og gera klárar slöngur og annan slökkvibúnað sem skipið er búð
- Fara skal yfir fjarskiptabúnað og fjarskipti milli stjórnpalls og vettvangs
- Kynna skal staðsetningu og virkni vatnspéttra hurða, eldvarnarhurða, brunaspjalda og flötta leiða
- Fara skal yfir nauðsynlegar ráðstafanir þegar skipun er gefin um að yfirgefa skipið

Hægt er að halda æfingar saman eða taka hverja æfingu fyrir sig. Mögulegt er að taka fyrir atriði sem tengjast t.d. árekstri, strandi og eitrefnaleka, samhlöða brunæfingu. Þar yrði farið í viðbrögð vegna óhappa, s.s. lokun rýma og loftþrása ásamt reykköfun og notkun brunaslanga.

FRÆÐSLA

Fræðsla sem tengist æfingu getur farið fram á undan eða á eftir henni. Skrá þarf hverjir úr áhöfninni hafa lokið tilteknum hlutum fræðslunnar, s.s. lesið leiðbeiningar eða horft á myndbönd um:


- notkun björgunarfara skipsins
- eldvarnir og notkun slökkvibúnaðar skipsins
- notkun ýmiss neyðarbúnaðar sem er um borð
- skynhljálpi og ofkælingu
- vinnuöryggi

SAMANTEKT

Mikilvægt er að loknum æfingum að ræða árangur æfingarinnar. Taka skal saman atriði sem betur mega fara og endurskipuleggja aðgerðir ef þess þarf. Neyðaráætlunin skal síðan leiðrétt og næsta æfing haldin samkvæmt nýju áætluninni.

FRÁGANGUR BÚNAÐAR

Að æfingum loknum skal þrifa með fersku vatni allan búnað sem lendir í sjó og þurrka hann vel. Ganga skal rétt frá öllum búnaði á geymslustöðum.




VERIÐ VIÐBÚNIR

Hafið í huga að ekki verður gefin fyrirfram viðvörn um að hættuástand sé yfirvofandi og því er mikilvægt að skipverjar séu ávallt tilbúnir að framkvæma tafarlaust þau verkefni sem þeim er ætlað við mismunandi neyðartilvik um borð í skipinu.

Árangur ykkar byggist á samhæfðum aðgerðum sem hafa verið æðar reglulega um borð í ykkar skipi.

Slysavarnaskóli sjómanna veitir áhöfnum ráðgjöf varðandi æfingar og neyðaráætlanir.

ÆFINGAR UM BORÐ Í SKIPUM



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Umnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda.
September 2002

Tekningar: Klemm Jónsson

0001 HF 16927

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum
www.sigling.is/oryggismal

TILGANGUR ÆFINGA

Æfingar um borð í skipum eru hluti skylduverkefna áhafnar. Tilgangurinn með þeim er að gera áhöfnina færari en ella um að bregðast við ef neyðarástand skapast og þannig bjarga skipi og þeim sem um borð eru úr hættu.

TÍÐNI ÆFINGA

Kröfur um tíðni og umfang æfinga eru breytilegar eftir starfsemi og tegund skipa. Kröfumar eru að báta- og brunnaæfingar séu haldnar a.m.k.:

- vikulega í farþegaskipum¹⁾
- mánaðarlega í flutningaskipum¹⁾ ≥ 500 BT
- mánaðarlega í fiskiskipum²⁾ ≥ 15 m
- á 3ja mánaða fresti í öðrum skipum³⁾ ≥ 24 m

Þá skulu æfingar haldnar innan 24 klukkustunda frá því skipið lætur úr höfn, hafi meira en fjórðungur áhafnar ekki tekið þátt í þeim báta- og brunnaæfingum sem haldnar voru síðast um borð í skipinu.

Í reglum er skýrt kveðið á um hvað skuli æft um borð í skipum. Halda skal æfingu í „Skipið yfirgefið“ (bátæfing) og „Eldur um borð“ (brunnaæfing). Jafnframt er krafna um æfingar í meðferð léttbáta, ef skip eru búin slíkum bátum. Æfi skal sjósetning þeirra með áhöfn elgi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

Umfang báta- og brunnaæfinga skal skrá í dagbók eða eftirlitsbók skips eftir því sem reglur kveða á um.


UNDIRSTADA ÆFINGA

Í öllum skipum, 24 m eða lengri, skulu vera neyðaráætlanir og öryggisþlön. Neyðaráætlunin skal innihalda skýr fyrirmæli um viðbrögð á neyðarsundu og skal því æft eftir henni.

UNDIRBÚNINGUR

Stjórnendur æfingarinnar ákveða fyrirfram hvar æfingin elgi að fara fram, s.s. ef um brunnaæfingu er að ræða. Þá þarf að staðsetja ímyndaðan eld um borð í skipinu. Mikilvægt er að fram fari tínataka meðan á æfingunni stendur en með því móti má betur meta þjálfun áhafnarinnar.

Hafi æfingar ekki verið haldnar áður er gott að byrja á því að fara yfir neyðaráætlun skipsins. Athugað er hvort hlutverkaskipting og skilgreind verkefni séu eins og best verður við komið. Hluti neyðaráætlunarinnar felst í klefáfrimmælum. Í þeim er að finna ítarlega úttæslu á verkefnum sérhvers skipverja. Þessum upplýsingum er komið fyrir í Klefa viðkomandi skipverja.



Þegar neyðaráætlunin og klefáfrimmælin teljast vera í lagi eru haldnar æfingar eftir fyrirmælum þeirra.

ÆAETLUN UM ÆFINGAR

Gott er að tímasetja æfingar fyrirfram og skal ekki líða lengra milli þeirra en reglur segja til um.

Dæmi um æfingaáætlun fyrir eitt ár í fiskiskipi.

Æfingar	j	f	m	a	m	j	j	á	s	o	n	d
Skipið yfirgefið	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Eldur um borð	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Léttbátar			✓		✓		✓		✓		✓	✓
Maður fyrir borð				✓		✓		✓		✓		✓
Flutningur slasaða		✓		✓		✓		✓		✓		✓
Móttaka þyrru		✓		✓		✓		✓		✓		✓
Arekstur / strand			✓		✓		✓		✓		✓	✓
Eitrefnaleki												✓
Mengun												✓

FRAMKVÆMD ÆFINGA

Allar æfingar skal halda samkvæmt neyðaráætlun skipsins. Þegar skipstjóri hefur ákveðið að æfing skuli haldin er áhöfnin boðuð til æfingarinnar samkvæmt neyðarhringingum þeim sem tilgreindar eru á neyðaráætluninni.

Skipverjar mæta á tiltekna söfnunarstöðvar um borð í skipinu og hefja aðgerðir samkvæmt neyðaráætluninni. Öllum skipverjum er skýrt að taka þátt í æfingum og mikilvægt er að allir framkvæmi þá hluti sem neyðaráætlunin gerir ráð fyrir.

Æfingar skulu, eins og við verður komið, haldnar eins og um raunverulega neyð væri að ræða. Þær skulu aðlagðar þeim búnaði sem er um borð í skipinu hvort sem um er að ræða skyldubúnað eða viðbótarbúnað sem hafður er án þess að hans sé krafist. Á æfingum skal eftir föngum prófa búnaðinn.

Það sem gert er á bátæfingu (Skipið yfirgefið)

- Almenna viðvörðunin er gefin
- Skipverjar gefa sig fram á söfnunarstöð í samræmi við fyrirskipanir neyðaráætlunara. Þar fer fram náhnakall
- Kynt er hvernig staðið verði að því að yfirgefa skipið
- Upplýsingum er miðlað milli stjórnspalls og söfnunarstöðva, s.s. um stöðu mála og hverjir eru staðsettir á hverjum stað
- Skipverjar framkvæma þau skylduverkefni sem tilgreind eru í neyðaráætluninni
- Athugað er hvort skipverjar séu í viðeigandi kleðnaði, hafi kleðst björgunarvestum eða björgunarbúningum á réttan hátt
- Skipverjar safnast að lokum við þá björgunarbáta sem á að nota við að yfirgefa skipið
- Sérhver skipverji er spurður um búnaðinn sem hann á að hafa meðferðis, s.s. neyðartalstöð, ratsjársvara, flugelda, blys, teppi og matvæli
- Sé skipið buið lífbátum eru þeir sjósettir í samræmi við reglur eftir að nauðsynlegur undirbúningur sjósetningar hefur farið fram
- Vél lífbáts er gangsett og prófuð
- Daviður fyrir sjósetningu björgunarfleka eru prófðar, ef þær eru um borð
- Prófa skal neyðarlýsingu við söfnunarstöðvar og á þeim stöðum þaðan sem skipið er yfirgefið

¹⁾ Alþjóðasambykkt um öryggi mannsíffa á hafinu, 1974 (SOLAS)

²⁾ Reglugerð um öryggi fiskiskipa


³⁾ Reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994

NYLIÐARFRÆÐSLA

I nýliðarfræðslu er farið yfir eftirfarandi atriði:

- Öryggisfræðsla í Slysavarnarskóla sjómanna
- Ráðningarsamningur og upplýsingar um slysatryggingu skipverja
- Vinnufatnaður, skóðunadur, rúmföt o.þ.h.
- Tilhögun íbúða og borðsalar
- Kynning á öryggisbúnaði og notkun
- Kynning á neyðaráætlun, öryggisplani og neyðarvöðvunarahljóðum
- Kynning á björgunarbúnaði og notkun
- björgunarfléka
- lífbáta og léttaða
- björgunarbúninga og björgunarvesta
- neyðartalstöðva
- neyðarsenda og ratsjársvara
- neyðarblysa og -flugelda
- Kynning á eldvarnarbúnaði og notkun
- handslökkvitækja
- brunaböða
- brunaslanga og stúta
- fasts slökkvibúnaðar
- slökkvibúninga (reykkötunartæki, hlífðarfataður o.fl.)
- Brunaspjöld og eldvarnarhurðir
- Neyðarstöðvun eldsneytsdæla, stöðvun loftfræstingar og hraðlokun eldsneytslagna
- Neyðarútgangar
- Kynning á vélum, tækjum og búnaði á vinnusvæðum
- Neyðarstöðvun véla og tækja
- Hætta vegna starfa um borð
- Hætta vegna hreyfinga skips og hraðaaukningar
- Hætta vegna hálfu
- Vinnureglur, umgengnisreglur og goðar starfsvenjur
- Hugtök (sjómannamálið) sem eru notuð um borð í skipinu
- Kynning á fræðslufrni og horft á myndbönd um öryggismál skips

Nýliðarfræðslan skráð í dagbók skips.



BÁTAEFING (SKIPIÐ YFIRGEFID)


Á bátæfingu er eftirfarandi gert:

- Almenna viðvörðunin er gefin.
- Skipverjar gefa sig fram á söfnunarstöð í samræmi við fyrirskipanir neyðaráætlunar. Þar fer fram nafnakall.
- Kynnt er hvernig staðið verði að því að yfirgefa skipið.
- Upplýsingum er miðlað milli stjórnpalls og söfnunarstöðva, s.s. um stöðu mála og hverjir eru staðsettir á hverjum stað.
- Skipverjar framkvæma þau skylduverkefni sem tilgreind eru í neyðaráætluninni.
- Athugað er hvort skipverjar séu í viðgangandi klæðnaði, hafi klæðst björgunarvestum eða björgunarbúningum á réttan hátt.
- Skipverjar safnast að lokum við þá björgunarbáta sem á að nota við að yfirgefa skipið.
- Sérhver skipverji er spurður um búnaðinn sem hann á að hafa meðferðis, s.s. neyðartalstöð, ratsjársvara, flugelda, blys, teppi og matvæli.
- Sé skipið búið lífbátum eru þeir sjósettir í samræmi við reglur eftir að nauðsynlegur undirbúningur sjósetningar hefur farið fram.
- Vél lífbáts er gangsett og prófuð.
- Daviður fyrir sjósetningu björgunarfléka eru prófaðar, ef þær eru um borð.
- Prófa skal neyðarlýsingu við söfnunarstöðvar og á þeim stöðum þaðan sem skipið er yfirgefið.

Fræðsla samhliða æfingunni:

- Leiðbeint um sjósetningu björgunarbáta.
- Hvernig fara skal frá skipi og í báta.
- Hvernig á að komast lífs af í sjó: kúldi, olía eða eldur.
- Gúmmbjörgunarbátur réttur af í sjó.
- Notkun búnaðar í gúmmbjörgunarbátum.
- Ofkæling og varnir gegn henni.
- Útvörður í björgunarbátum.
- Notkun línuþyssu, flugelda og handblysa.
- Notkun björgunarmeta og -belta.
- Milklivægi vatnspetta lokana í skipi.
- Farið yfir björgun og aðstoð með þryllu.
- Akkeri látíð falla.
- Skyndihjálp.

Æfing skráð í dagbók skips.



BRUNAEFING (ELDUR UM BORD)


Á brunaefting er eftirfarandi gert:

- Hringt neyðarhringingu vegna eldsvoða.
- Skipverjar gefa sig fram á söfnunarstöð í samræmi við fyrirskipanir neyðaráætlunar. Þar fer fram nafnakall.
- Skipverjar skipta sér í hópa í samræmi við það sem tekið er fram í neyðaráætlun skips.
- Skysla er gefin til stöðva um stöðu mála.
- Undirbúa skal skylduverkefni skipverja samkvæmt neyðaráætlun.
- Gangsetja skal brunadælu og tengja brunaslöngur við brunahana. Notað skal a.m.k. tvær vatnsönnur til að sýna að kerfið sé í góðu lagi.
- Fara skal yfir slökkvibúninga og annan persónulegan björgunarbúnað.
- Skipverjar noti reykköfunartæki, hlífðarfatað, tengillinn og gera klárar slöngur og annan slökkvibúnað sem skipið er búið.
- Fara skal yfir farskiptabúnað og farskipti milli stjórnpalls og vettvangs.
- Kynna skal staðsetningu og virkni vatnspetra hurða, eldvarnarhurða, brunaspjaldra og flóttaleiða.
- Fara skal yfir nauðsynlegar ráðstafanir þegar skipun er gefin um að yfirgefa skipið.
- Þekking skipverja á skylduverkefnum könnuð.
- Athugað hvort eldvörðunarbúnaður sé í lagi.
- Hugað að hvernig halda á skipi til svo verjast megi reyk.

Fræðsla samhliða æfingunni:

- Öryggisteikning skips útskýrð fyrir skipverjum.
- Fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn eldsvoða kynntar.
- Fyrstu viðbrögð ef elds verður vart.
- Hætta við opnun rýma þar sem eldur eða reykur er.
- Notkun handslökkvitækja.
- Notkun slökkvikerfis skipisins og varúðarráðstafanir.
- Notkun eldvarnarteppeis.
- Björgun neyðarbúnaðar skips frá eldi og hita.
- Skyndihjálp, meðferð brunasára og aðstoð við slasaða.

Æfing skráð í dagbók skips.



Dags.

Yfirmaður

Nýliði

Dags. æfingar

Skipstjóri

Dags. æfingar

Skipstjóri

FYRSTU VIÐBRÖGÐ

Viðbrögð fyrstu mínúturnar eftir að elds verður vart geta skilið á milli lífs og dauða.

- Munið brunaviðvörðun með því að slá inn brunaboða
- Ráðist strax á minni eida með hand-slökkvitækjum af réttri tegund
- Hindrið að eldur breiðist út með því að loka dyrum og loftrásum
- Ekki opna dyr að rýmum þar sem eldur er laus nema til slökkvistarfa
- Gerið brunaslöngur klárar og kælið strax umhverfi rýmis þar sem eldur logar
- Komið björgunarbúnaði skips á öruggan stað frá eldi og hita

FLÓTTI

- Nauðsynlegt er að þekkja neyðarútganga og aðrar undankomuleiðir
- Sjálflysandi merki vísa leiðina að næsta útgangi
- Reykur leitar upp, skriðið á gólfi undir reyk og hafið blautan klút fyrir vitum ef unnt er
- Til að tryggja skjóta undankomu í neyð er mikilvægt að æfa flóttu úr lokuðum rýmum í myrkri

SLÖKKVISTÖRF

Engir tveir eldsvoðar eru nákvæmlega eins, því er nauðsynlegt að skipuleggja slökkvistörfin fljótt og vel áður en hafist er handa.

Skipverjar bregðist strax við með því að undirbúa þau verk sem þeim hafa verið falin samkvæmt neyðarátætlun skipsins.

Samkvæmt neyðaráætlun fer skipstjóri með yfirstjórn slökkvistarfa og tekur ákvarðanir um aðgerðir.


Upplýsingum um stöðu og framvindu mála skal tafarlaust komið til skipstjóra og vettvangsstjóra slökkvistarfa.

BJÖRGUN MANNA

Reykkafarar skips sjá um björgun úr rýmum þar sem eldur, reykur eða mikill hiti er. Reykkafarar skulu ávallt vinna tveir saman við aðgerðir og tryggja að þeir eigi afturkvæmt með því að vera tengdir líflínu.

Meta þarf aðstæður vandlega áður en farið er af stað í björgunaraðgerðir eða slökkvistörf inn í rýmið þar sem eldurinn logar. Eingöngu vel þjálfaðir menn sem sótt hafa námskeið í reykköfun eiga erindi í björgunar- eða slökkvistörf.

ELDVARNIR Í SKIPUM



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Umnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. September 2002



Samband Íslenskra tryggingafélaga hefur styrkt útgáfu þessa bæklingis.



GRUNÐVALLARATRIDI

Grundvallaratriði eldvarna er að viðhafna fyrirbyggjandi aðgerðir gegn eldsvoða um borð í skipinu.

Fagleg vinnubrögð, hreinlæti og snyrtileg umgengni eru mikilvæg atriði í eldvörnum, þ.e. að allir hlutir séu í góðu lagi og vel frá þeim gengið á réttum stöðum.

Nauðsynlegt er að skipverjar:

- beri virðingu fyrir neyðarþúnaði skipsins
- þekki staðsetningu þúnaðar
- kunnni að nota þúnaðinn
- viðhaldi eldvarnarþúnaði og merkingum
- þekki edli elds og eldfloka
- séu þjálfaðir í réttum viðbrögðum
- taki þátt í reglulegum eldvarnaræfingum
- geti unnið saman og treyst hver á annan ef neyðarástand verður





FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR

MEDHÖNDLUN TÆKJA OG EFNA

Rafagnir, rafmagnstöflur og rafþúnaður skulu vera samkvæmt kröfum og vanda skal til frágangs þeirra. Rafþúnaður skal almennt sæta reglulegu viðhaldi. Varast skal of mikilvæg álag á rafagnir, s.s. fjölda tækja á sömu lögn.

Hreinsa þarf loftræstikerfi reglulega og viðhalda lokunarspjöldum. Hreinsa skal fitugildrur í gufugleypum yfir eldunartækjum.

Eldfim efni, s.s. súrur, leysiefni, málning og olíur, skulu vera í traustum umbúðum, tryggilega frágengin og varðveitt í vel loftræstum rýmum. Rýmin skulu aðeins opnast út á opið þífar. Á hurðum rýma skulu vera viðeigandi auðkennismarki og á áberandi stað skal setja upp skilti með áletunum „Reykinger barnaðar“ og „Óvarin ljós bönnuð“.



Gashtykki skal festa tryggilega en frágangur og geymsla þeirra skal vera þannig að hægt sé að fjarlægja þau tafarlaust ef eldur kemur upp. Hylki skulu varin gegn óhöflegum hitasveiflum, sólarljósi og snjófargi.

Sorplát í skipum séu eldtraust og höfð lokuð.

VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

- Virðið reglur um reykinger
- Reykinger í íbúðum eru ávallt barnaðar
- Gætið varúðar við losun óskubakka í sorplát
- Varist að hengja upp fatnað til þerris of nálægt rafmagnsöfnun og hitunartækjum
- Varist of mikinn hita á eldunartækjum, sýnið sérstaka aðgæsla við steikingu
- Við logsuðu, rafsuðu og slipun skal gæta að eldfimnum efnum umhverfis vinnusvæðið
- Þegar soðið er í þil skal jafnframt hafa í huga hitaleiðni í málmunum og gæta að efnun við bakhlíðar sem kviknað getur í
- Við suðuvinnu skal ávallt hafa handslökkvitæki eða brunaslöngu til staðar ásamt brunaverði ef þörf krefur
- Þrifið strax upp olíusmit, lagfærið loka og setjið oliublaut efni í eldtraust líát


NEYÐARRÁÐSTAFANIR

- Viðhaldið góðu ástandi eldvarnarþúnaðar, viðvörunarkerfis og merkinga
- Yfirfarid slökkviþúnað reglulega og athugið ástand brunaslönguskápa
- Kynnið ykkur vel öryggisplan skipsins
- Þekkið neyðarútganga skipsins og athugið reglulega ástand þeirra
- Þekkið hvaða lögum þarf að loka til að kæfa eld á mismunandi stöðum og prófið ástand lokana reglulega. Haldið hlerum og spjöldum líðugum og smyjjið lamir og læsingar
- Þekkið hlutverk ykkar í neyðaráttuninni
- Takið virkan þátt í æfingum um borð
- Efnið slökkvistörf og viðhaldið þekkingu í eldvörnum
- Ræðið árangur æfinga og endurskipuleggið áætlanir ef þörf er á

ORSAKIR FALLSLYSA

Flestir sjómenn þekkja dæmi þess að skipsfélagar þeirra eða þeir sjálfir hrasi og falli við vinnu eða viðveru um borð í skipi. Helstu orsakir er hægt að setja fram í eftirfarandi lista:

- Aðgæsluleysi
- Háika vegna sléttis yfirborðs, bleytu, ísingar, olíu, slors og annarra óhreininda
- Lélegir og slitnir skósólar
- Þrep í þilförum, mishæðir og þröskuldar
- Aðskotahlutir og drasl á gangvegum
- Vírar og tóg og sláttur á þeim á þilfari
- Veidarfæri sem verið er að hifa eða kasta
- Ófullnægjandi lýsing
- Óbygð op á þilförum
- Sjór sem streymir inn á vinnusvæði opinna þilfara
- Hreyfing og veltitur skips, þ.m.t. snöggar hreyfingar vegna brotsjóa eða ólags
- Ótraustir og illa frágengnir stigar
- Ófullnægjandi landgönguástaða
- Op á grindverkum og borðstökkum




FORVARNIR

Hægt er að bæta öryggi á flestum sviðum með forvarnaðgerðum. Þær fela í sér að viðhalda skipi og búnaði þess í samræmi við kröfur, að meta áhættu á vinnusvæðum og finna leiðir til að minnka hana, að koma á vinnu- og öryggisreglum og starfa eftir þeim, að hafa eftirlit með öryggisatriðum og bæta strax úr því sem telst ekki vera í lagi. Sem dæmi um forvarnir má benda á:

- Tryggja handfestu sem víðast á gangvegum
- Viðhalda góðu ástandi stiga og handriða
- Tryggja örugga festingu færarlegra stiga
- Merkja svæði þar sem fallhætta er, þ.m.t. þrep á gangvegum
- Viðhalda hálkuvörnum og tryggja stamt yfirborð gangvega og stigabrepa
- Þrifa óhreinindi og olíur strax af þilförum og stigum
- Festa hurðir og lúghlera tryggilega
- Koma fyrir handriðum umhverfis op á þilförum
- Varast að standa í bugtum víra eða tóga
- Vera í viðeigandi skóbúnaði
- Vera með öryggishjálma tryggilega festa þurrka gólf í frystilestum eftir afhrímingu
- Notað öryggislinu á stöðum þar sem fallhætta er, t.d. í möstrum
- Sýna aðgæslu

**Slóða- og sóðaskapur er hættulegur!
Göngum því vel um skipið okkar!**

FALLHÆTTA Í SKIPUM



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Umnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. September 2002

Tekningar: Jóhann Jónsson

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum
www.sigling.is/oryggismal

0001 HF 6927


SLYSAHÆTTA OG ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Það er marga að varast við störf um borð í skipi. Viða er hættu á að hrasa og falla. Hættu er á að falla á þilfari, á milli þilfara eða fyrir borð. Líkur á slysi aukast verulega í slæmu veðri. Því þurfa menn ávallt að vera vakandi yfir hreyfingum skips.

Þröskuldur um borð í skipum eru oft háir og þilför óslétt. Auk þess ganga hlutir víða niður úr loftum. Þessir tálmar gleymast oft þegar mikill asi er á mönnum.

Merki þarf alla varasama staði með viðvörnar-spjöldum eða áberandi auðkennum s.s. gufíri/raðri málningu til að minna menn á að sýna aðgæslu.


Ólag getur komið óvænt á skip og þarf þess vegna ávallt að hafa í huga að örugg handfesta sé innan seilingar þegar farið er um skipið. Þetta á sérstaklega við þegar farið er upp eða niður stiga.



Viða í skipum er hægt að auka öryggi með því að **fjölga handriðum eða handfestum** á viðþingandi stöðum. Gagnlegt er að hafa uppi viðvönunarspjöld til að minna á notkun handriða.

Þegar gólfefni eru valin skal leggja áherslu á að yfirborð gólfa verði stamt og að hálka aukist ekki að marki þó að gólf blotni. Í reglum um öryggi skipa eru gerðar kröfur um **hálkuvarnir** á vinnusvæðum, efst og neðst í stigum, á stigaprepum og framan við dyr.

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi til að minnka hálku á þilförum, s.s. að mála gólf með sérstakri málningu sem gerir þau stöm eða blanda „sandkornum“ saman við málninguna.



Gæta skal þess að gólfefni séu í góðu lagi þar sem ber stálgólf, lausar mottur, slitnir dúkar eða slitin teppi geta valdið slysum. Stigaprep og göngubrautir skulu vera hrein og laus við olíu og slor.

Milkiðvægt er að vera **alltaf rétt skoðður**, s.s. að vera í góðum inniskóm í vistarverum og vel sóluðum stígvélum annars staðar.

Öryggishjálmar skulu ávallt notaðir á stöðum þar sem hliðingar fara fram. Þeir koma einnig að gagni á vinnusvæðum þar sem lagt er til lofts og þar sem hálka er. Öryggishjálmar hafa oft komið í veg fyrir alvarleg hötuðmeiðsl þegar menn hrasa og falla.


Þegar skip liggur við bryggju er skylt að tryggja **örugga landgöngu** milli skips og bryggju. Jafnframt er skylt að tryggja öryggi þeirra sem fara á milli tveggja samliggjandi skipa.

Landgangar skulu ávallt vera tryggilega festir við skipið og handriðum haldið í góðu ástandi.

Við landganga skal vera hentug **lýsing og björgunarthringur**. Öryggisneti skal komið fyrir undir landgangi.

Í skipi sem er ekki búð föstum inngreypnum rimlastiga í skipshlið, og þar sem aðstæður koma í veg fyrir notkun rimlastiga, skal vera kaðalstigi sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um löðsstiga.


Í reglum um öryggi skipa eru kröfur um fullnægjandi búnað, s.s. **handrið og liffinur**, til verndar áhöfninni þannig að hægt sé að fara með öruggum hætti um vistarverur og vinnusvæði.





Til að tryggja að farið sé yfir öll nauðsynleg atriði við nýliðafræðsluna er stuðst við gátlista

Dæmi um gátlista



- Öryggisfræðsla í Slysavarnaskóla sjómanna
- Ráðningarsamningur og upplýsingar um slysatryggingu skipverja
- Vinnufatnaður, skóbúnaður, rúmfót o.þ.h.
- Tilhögun íbúða og borðsalar
- Kynning á öryggisbúnaði og notkun
- Kynning á neyðaráætlun, öryggisplani og neyðarviðvörðunarijóðum
- Kynning á björgunarbúnaði og notkun
 - björgunarfleka, lífbáta og léttbáta
 - björgunarbúninga og björgunarvesta
 - neyðartalstöðva
 - neyðarsenda og ratsjársvara
 - neyðarblysa og -flugelda
- Kynning á eldvarnarbúnaði og notkun
 - handsiökkvitækja
 - brunaboða
 - brunaslanga og stúta
 - fasts siökkvibúnaðar
 - siökkvibúninga (reykköfunartæki, hlífðarfatnaður o.fl.)
- Neyðarútgangar
- Kynning á vélum, tækjum og búnaði á vinnusvæðum
- Neyðarstöðvun véla og tækja
- Hætta vegna starfa um borð
- Hætta vegna hreyfinga skips
- Hætta vegna hálfu
- Vinnureglur, umgengnisreglur og góðar starfsvenjur
- Hugtök (sjómannamálið) sem eru notuð um borð í skipinu
- Kynning á fræðsluefni um öryggismál skips og horft á myndbönd um öryggismál skips



Skrá þarf að nýliðafræðsla hafi farið fram

- í dagbók skips
- í þjálfunarhandbók skipverja

Opinbert eftirlit með nýliðafræðslu

- Siglingastofnun Íslands
 - aðal- og skyndiskoðanir
 - hafnarrikisefirlit
- Landhelgisgæsla Íslands
 - skyndiskoðanir á hafi úti

Takið vel á móti nýliða!



NÝLIÐAFRÆÐSLA

Í SKIPUM



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Umnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætlunar í öryggismálum sjófarenda. September 2002

Tekningar: Jóhann Jónsson

Kynnið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum www.sigling.is/oryggismal

Dags. _____ Yfirmaður _____ Nýliði _____

Hver er nýliði til sjós?


- Sá sem fer í fyrsta skipti til sjós
- Skipverji sem tekur við starfi sem hann hefur ekki sinnt áður um borð í skipinu
- Vanur sjómaður sem ræður sig til starfa á skipi sem hann hefur ekki verið á áður

Hvers vegna nýliðafræðsla?

Sjómavöld hafa sett fram skýrar kröfur um að nýliðafræðsla fari fram í skipum enda er það nauðsyn og sjálfsgöð kurteisi við nýja starfsmenn að kynna vel fyrir þeim aðstæður um borð og umgengni við búnað og tæki.

Lög

Samkvæmt 8. gr. sjómanna laga nr. 35/1985 skal skipstjóri við ráðningu nýliða sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörðunarbúnaður sem á skipinu er og skal hann fá leiðbeiningu um grundvallaratriði við notkun þeirra.



Alþjóðasamþykktir

Í alþjóðasamþykktum eru settar fram kröfur um fræðslu og þjálfun fyrir nýliða.

Reglugerðir

Í reglugerð um öryggi fiskiskipa er jafnframt gerð eftirfarandi krafa.

„Þjálfun um borð í notkun björgunartækja skipsins, þ.m.t. búnaði, björgunarfarana, skal fara fram eins fljótt og unnt er, en eigi síðar en tveimur vikum eftir að skipverji kemur um borð. Fyrir skipverja, sem er ráðinn, til að skipa skipsrúmi með öðrum á einhvern reglubundinn hátt, skal slík þjálfun, samt sem áður, fara fram eigi síðar en tveimur vikum frá því hann kom í fyrsta sinn um borð í skipið.“



Fræðsla fyrir nýliða þarf að miðast við aðstæður um borð í hverju einstöku skipi

Þegar nýr maður kemur til starfa þarf eftir fremsta megni að kynna fyrir honum þær starfsreglur og umgengnisreglur sem gilda á staðnum.

Sýna þarf mannum réttu vinnubrögðin og fylgjast þarf vel með honum fyrstu vinnuvikurnar til að tryggja að hann fari hvorki sjálfum sér né öðrum að voða eða skemmi vélar og búnað.

Kynna þarf fyrir nýliða merkingu og tilgang neyðarvöðvörðunarljóða og til hvers er ætlast af honum ef neyðarstand skapast. Til að tryggja rétt viðbrögð manna ber ávallt að halda æfingar þegar nýir menn hefja störf og samhæfa þannig alla áhröfnina.


Áður en skip lætur úr höfn skal kynna fyrir nýliða staðsetningu og notkun björgunar-, eldvagnar- og öryggisbúnaðar skipsins.

Sýna þarf mönnum neyðarútganga, eldvarnarhurðir, brunaspjöld, slökkvitæki, björgunarför, björgunarbúninga, björgunarvesti, neyðarstöðvanir fyrir eldsneytsisdælar og loftræstingu og hraðlökun eldsneytsislagna, svo eitthvað sé nefnt.

Notið gátalista við nýliðafræðsluna og farið með nýliðann um skipið, bendið á hvar neyðararbúnaður er staðsettur og leiðbeinið um notkun hans.


Látið nýliða kynna sér vel þjálfunarhandbækur skipsins.

STAÐLAÐAR BENDINGAR




LYFTA

Uppréttur handleggur og vísiþingur upp. Hringhreyfing með hendinni.




SLAKA

Handleggur niður á við, vísiþingur niður. Hringhreyfing með hendinni.




STYTSTA BÓMU

Hliðarhreyfing inn á við, þumalfingur inn á við.




LENGJA BÓMU

Hliðarhreyfing út á við, þumalfingur út á við.




LÆKKA BÓMU

Útréttur handleggur, þumalfingur niður á við.




HÆKKA BÓMU

Útréttur handleggur, þumalfingur upp á við.




TIL VINSTRI

Hægri handleggur útréttur, hönd opin.



TIL HÆGRI

Vinstri handleggur útréttur, hönd opin.



MERKI EKKI SKILIÐ


Hliðarhreyfing með handlegg.

þurfi hraðari lyftingu, slökun eða hliðarfærslu er það sýnt með hraðari handahreyfingum.



STANS

Útréttum handlegg sveiflað fram og til hliðar.



NEYÐARSTOPP


Báðum handleggjum slegið út á við.

Sækið námskeið í hífingum.

Heimildir við samantekt erinis eru einkum frá rannsóknarnefnd sjóslýsa, Vinnuettirliti ríkisins og Hamþjógunni hf.

Kynniið ykkur fræðsluefni um öryggismál á vefnum www.sigling.is/oryggismal

ÖRYGGI VIÐ HÍFINGAR



Gefið út af Siglingastofnun Íslands. Umnið í samstarfi við verkefnisstjórn langtímaáætluvar í öryggismálum sjófarenda. September 2002

SLYS VIÐ HÍFINGAR

Slys sem verða við hífingar eru oftast mjög alvarleg.

Algeng orsök slysa er:


- augnabliks aðgæsluleysi eða fljótærni
- óljósar eða misskildar skipanir eða bendingar
- persónuhlífar ekki notaðar
- bilun í búnaði

HÆTTUR

Við hífingar leynast margar hættur. Sem dæmi um þær helstu má nefna:

- Stjórnandi hífbúnaðar fær rangar eða óljósar skipanir eða bendingar
- Tekið er í ranga stjórnanna
- Sláttur á hlassi
- Sláttur á hífbúnaði
- Hláss fellur niður
- Slæmur frágangur á stroffum og hanafötum
- Híft með biluðum búnaði
- Viðhald á búnaði er ófullnægjandi


Sýnum fyrirhyggju og sérstaka aðgæslu þar sem hífingar fara fram!



FORVARNIÐ

Margt er hægt að gera til að tryggja betur öryggi við hífingar, t.d. að:

- sýna ávallt sérstaka aðgæslu við hífingar
- nota persónuhlífar, s.s. öryggisjálma
- nota staðlaðar bendingar og skipanir
- eingöngu þjálfaðir menn vinni við stjórnun hífbúnaðar
- viðhalda merkingum stjórnúnaðar
- stuðla að því að vel sjást frá stjórnækjum yfir vinnusvæði
- eftirlitsmyndavélar geta bætt yfirsýn
- farskipabúnaður bætur samskipti milli vinnusvæða
- hafa reglubundið eftirlit og viðhald á hífbúnaði, þ.m.t. ástandi stroffa, víra, króka, lása, blakka og hema
- standa ekki í átaks-/skotlínu víra sem átak er á
- vera í öruggri fjarlægð frá hlassi
- ganga alltaf þannig frá hlassi að það haldist í jafnvægi meðan híft er
- forðast að handleika víra og búnað sem er á hreyfingu



STYRKLEIKI BÚNAÐAR

Þegar keyptir eru hlutir í veiðarfæri eða hífbúnað, s.s. vírar, tóg, keðjur, blakkir, lásar og krókar, skal í öllum tilvikum fara fram á upplýsingar um styrkleika búnaðar. Brotból efnis og öruggt vinnuálag (S.W.L.) skal vera þekkt og ætí ávallt að fá vottorð framleiðanda með hlutunum.

Álag á efni á aldrei að vera meira en sem nemur öruggu vinnuálagi. Fari álag umfram öruggt vinnuálag stýttist endingartími búnaðar margfalt.

Notum eingöngu öruggan hífbúnaði!

SKIPTUM UM ÓTRAUSTA HLUÐI

Nauðsynlegt er að hafa reglubundið eftirlit með öllum hífbúnaði og skipta strax út ótraustum hlutum. Kynnið ykkur hvernig á að meta ástand hífbúnaðar.

Skipta skal um stálvir t.d. þegar:

- þvermál vírs hefur einhvers staðar minnkað um 10% vegna slits
- þvermál þræðir hefur slitnað niður í 1/3 af upphaflegu þvermáli
- brotnir þræðir eru einhvers staðar fleiri en 10 á lengd sem er jöfn stígningu vírs
- hert hefur verið að snuðu sem komið hefur á virnin
- virnin er orðinn flatur eða kannaður þrátt fyrir að ekki sé um þráðbrot að ræða
- margir þræðir í sama þætti eru aflagaðir
- einn þáttur hefur losnað út úr virnun og slaki er á honum
- virnin er hlykkjóttur þegar ekki er átak á honum
- virnin er skemmdur af ryði þótt þræðir séu ekki brotnir

Tóg skal dæma ónothæft t.d. þegar:

- tógið hefur skáðast (skoris) á sköppum brúnum
- garnið í einum þætti er slitnið
- þáttur hefur losnað og teygst þannig að hann fellur ekki þétt að öðrum þáttum
- tógið er farið að þorna eða molna
- tógið er með bruna- eða ætingarþertum eða hefur hitnað mikið
- tógið hefur teygst og auðsjánlega grennst

Viðhöldum góðu ástandi hífbúnaðari!



Slysavarnir í höfnum



Við hönnun og endurbætur hafnarmannvirkja skal gert ráð fyrir uppsetningu öryggisbúnaðar og að mannvirki séu almennt þannig hönnuð að þeim sem um hafnir fara sé sem minnst hættu búin.

Eldri mannvirki skulu sérstaklega yfirfarin og þau færð til þess vegar sem reglur um slysavarnir í höfnum nr. 247/2000 kveða á um á gildistíma hafnaætlunar til ársins 2004.

Siglingastofnun hefur gert tillögu til samgönguráðuneytisins um minni háttar breytingar á reglugerðinni þar sem tekið er mið af reynslu síðustu ára.

Björgunarbúnaður

Á hverju aðskildu hafnarsvæði, en þá er átt við að fjarlægð til næstu viðlegu sé meiri en 200 m mælt eftir eðlilegri gönguleið, skulu vera a.m.k. tveir bjarghringir, tveir krókstjakar a.m.k. 6 m langir og tvö björgunarnet. Stjakar skulu málaðir rauðgulri (appelsínugulri) endurskinsmálningu.

Björgunartæki þessi skulu geymd á greinilega merktum, aðgengilegum og upplýstum stöðum.

Lýsing

Á hafnarsvæðum skal lýsingu þannig háttað að vinnu- og umferðaröryggi sé í hámarki. Lýsing á virkum vinnusvæðum, t.d. þar sem ferming og afferming fer fram, skal vera með lágmarksljósstyrk 20 lux að meðaltali.

Lýsing á öðrum vinnusvæðum, t.d. gámasvæðum, skal vera með lágmarksljósstyrk 10 lux að meðaltali og ljósstyrkur öryggislýsingar annars staðar á hafnarsvæðinu skal vera 5 lux að meðaltali.

Lýsingu skal mæla þar sem vinna fer fram í þeim fleti (lárétt eða lóðrétt) sem unnið er á.

Ef einstök tilvik krefjast meiri lýsingar en fastir ljósgjafar veita má notast við tímabundna viðbótarlýsingu, t.d. frá skipum. Ljósum skal þannig fyrirkomið að lýsing trufli ekki sjófarendur.

Bjölluskápur


Á hverju hafnarsvæði skal vera a.m.k. einn bjölluskápur tengdur lögreglu, slökkviliði

eða hafnarskrifstofu eða öðrum þeim aðila sem kveðja má til ef slys ber að höndum.

Við bjölluskáp skal vera blátt leiðbeiningarljós og merking líkt og á brunaboða.

Bryggjukantar

Á hafnarsvæðum þar sem akfært er að sjó og fyrir verða bryggjur þar sem dýpi verður meira en 1,5 m á flóði eða brattir kantar skulu gerðir minnst 20 cm háir kantbitar svo öflugir að þeir láti ekki undan ákeyrslu. Bryggjukantarnir skulu málaðir í áberandi ljósgulur (sitrónugulur) lit.



Merkingar

Allur öryggisbúnaður hafna skal merktur á samræmdan hátt. Þannig skulu bryggjukantar vera málaðir í ljósgulur lit (sitrónugulur) og stigar í rauðgulur lit (appelsínugulur).

Hindranir skulu málaðar með svörtum og gulur röndum.

Málningin skal vera endurskinsmálning.

Endurskinsmerki, sem sett eru upp til frekara öryggis, beri sama lit.

Kranar

Löndunarkranar og hafnakranar skulu vera skráðir lögum samkvæmt og skal um búnað þeirra og notkun fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Umferð

Umferð um hafnarsvæði skal skipulögð

þannig að sem minnst slyshætta stafi af henni fyrir þá sem þar vinna. Ökuleiðir skulu vera nægjanlega breiðar og greiðfærar og gönguleiðir yfir þær greinilega merktar.

Við op og gryfjur sem eru dýpri en 50 cm skal vera 100 cm hátt handrið með hnélista í 50 cm hæð. Vörur skal ekki geyma á hafnarbakka nær brún sjávarmegin en 2 m.

Stigar

Bryggjur skulu búnar vel færur stigum. Þeir skulu ná 1,5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð, vera með auðveldri uppöngu yfir bryggjukant og málaðir með rauðgulri endurskinsmálningu.

Ljós skal vera efst í hverjum stiga nema á flotbryggjum.

Til viðmiðunar er sett sú vísiregla að hámarksbil milli stiga á nýjum bryggjum sé 15 m. Stiga skal staðsetja eins og heppilegast er talið með tilliti til öryggis.

Flotbryggjur

Á flotbryggjum skulu stigarinn ná 1,0 m niður fyrir sjávarborð.

Einn stigi skal vera á viðlegubás en bil milli stiga þó ekki yfir 8 m. Ekki er krafa um ljós í stigum á flotbryggjum.


Hafnarstjórn

Hafnarstjórn ber skylda til að sjá um að starfsmenn hennar hafi hlotið lágmarksþjálfun í notkun þeirra björgunar- og öryggistækja sem eru á hafnarsvæðinu.

Eftirlit og úttekt

Hafnarstjórn skal skipuleggja innra eftirlit með öllum þáttum reglugerðar nr. 247/2000. Tíðni innra eftirlits skal vera nægilegt miðað við aðstæður og skipulagt í samráði við Siglingastofnun Íslands.

Starfsmenn Siglingastofnunar skulu sannreyna virkni innra eftirlits hverrar hafnar einu sinni á ári eða oftár ef þörf þykir.



Vitar á Íslandi

Þann 1. desember 1878 var íslenska skammdegismyrkrið í fyrsta sinn rofið af vitaljósi þegar tekinn var í notkun landsins fyrsti viti á Valahnúk á Reykjanesi. Vitalýsing var forsenda þess að hægt væri að halda uppi siglingum til Íslands að vetrarlagi og um langt skeið voru vitarnir meðal mikilvægustu leiðsögutækja sjófarenda.

Bókin **Vitar á Íslandi** er menningarsögulegt rit um sögu og þróun vitamála á Íslandi og í henni er að finna fjölda mynda og teikninga auk umfjöllunar um alla íslenska vita.

Allt frá því fyrsta íslenska vitaljósið var tendrað hafa ljós vitanna klofið nætursortann og vitageislar vísað sjófarendum örugga leið. Ljós vitanna hafa mörgu sjómannslífi borgið og bygging og rekstur vita og annarra leiðsögumannvirkja hefur eflt öryggi sjófarenda meira en flest annað.

Íslandi er saga íslensku vitabjónustunnar rakin frá upphafi, fjallað um vitaskipin og þátt vitavarðanna, breytileg vitatækni er skýrð og skilgreind og hér er fjallað um byggingarlist íslenskra vita og tengsl byggingarstíls þeirra við strauma og stefnur í byggingarlist á hverjum tíma.

Vitar á Íslandi fæst í mörgum bóka-verslunum. Auk þess er hægt að panta bókina hjá útgefanda og fá hana senda í pósti, síminn er **560 0000**.
Verð kr. 7.650 með vsk.

Útgáfa og dreifing:



SIGLINGASTOFNUN

Vesturvör 2, 200 Kópavogi, sími 560 0000